

Sunnudagur 30. júlí

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Sunnudagshugvefja.** Sr. Hjalti Guðmundsson flytur.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Táknmalstréttir.**
- 19.00 **Shelley** (The Return of Shelley). Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Fjarkinn.** Dregið er úr innsendum miðum í happdrætti Fjarkans.
- 20.40 **Gróska í Grímsey.** Heilsað er upp á fólk á eyjunni við heimskautsbaug, bæði unga og aldna. Farið er í bjargsig og einnig er gerður út sérstakur leiðangur til að kanna hvort sú fullyrðing sé rétt eða röng að gat sé í gegnum Grímsey. Umsjón Örn Ingi.
- 21.20 **Ærslabelgir** – Flækingar – (Comedy Capers – The Hoboes). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna.
- 21.35 **Burt og til baka** (Wohin und zurück). 1. þáttur – Guð trúir ekki lengur á okkur. Þýsk-austurísk kvikmynd í þremur þáttum, gerð 1983-1985. Myndirnar eru svart-hvítar gerðar eftir handriti Georgs Stefans Troller. Leikstjóri Axel Corti. Aðalhlutverk Jóhannes Silberschneider. Ungur gyðingur flyr frá Vínarborg árið 1938 eftir að nasistar hafa dregið föður hans. Sagt er frá orðlögum pílsins og annarra flóttamanna og stórfelldum breytingum á höfum fólks í heimsstyrjöldinni síðari. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 9.00 **Alli og íkomarnir.** Teiknimynd.
- 9.25 **Lafli Lokkaprúð.** Falleg teiknimynd.
- 9.35 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
- 10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.15 **Funí.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
- 10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
- 11.05 **Kóngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
- 11.25 **Albert félti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
- 11.50 **Óháða rokkið.** Hljómsveitin New Order.
- 12.45 **Mannlíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mann líkamann. Endurtekið.
- 13.15 **Bilapáttur Stöðvar 2.** Endurtekin. Umsjón, kynningu og dagskrárgerð annast Birgir Þór Bragason.
- 13.45 **Stríðsvindar.** North and South. Lokapáttur. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Caradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
- 15.20 **Framtíðarsyn.** Beyond 2000. Ötrúlegustu vangaveitur eða hvað? Eru þær svo ötrúlegar þegar allt kemur til alls?
- 16.15 **Með storminn í fangið.** Riding the Gale. Seinni þáttur tveggja tengdra þátta um MS-sjúkdóminn og fórnarlömb hans.
- 17.15 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. **Gore Vidal.** Umsjón Melvyn Bragg.
- 18.10 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgulfr Lúðvíksson.
- 19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.00 **Svaðillarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Ævintýrlegur og spennandi framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
- 20.55 **Lagt í ann.** Guðjón bregður sér heldur betur bæjarleið í kvöld og vitjar um skrímslið í Loch Ness. Umsjón Guðjón Angrimsson.
- 21.35 **Auður og undirferli.** Gentlemen and Players. Stríðinu milli Mikes Savage og Bos Beaufort er síður en svo lokið. Fyrri hluta þáttaröðarinnar lauk snemma á þessu ári en nú verður þáðurinn tekinn upp að nýju þar sem frá var horfið. Félagarnir og keppinautarnir mæta aftur til leiks enn harðari í horn að taka og berjast af gamalkunnri hörku um auð og völd. Aðalhlutverk Brian Prothero, Nicholas Clay og Claire Oberman.
- 22.30 **Að tjaldabaki.** Backstage. Beint úr innsta hring fyrir þá sem fylgjast með. Kynnir Jennifer Nelson.

- 22.55 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.40 **Eineygðir gosar.** One-Eyed Jacks. Í þessum öndvegis vestra fer Marlon Brando með titilhlutverkið. Ekki gerir hann það endasleppt í myndinni því hann er einnig leikstjórinn og leysir það hlutverk með miklum sóma. Aðalhlutverk Marlon Brando, Karl Malden, Pina Pellicier og Ben Johnson.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Sára Ingiberg J. Hannesson, prófastur á Hvoli í Saurbæ, flytur rítingarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfreginir.** Tónlist.
- 8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Bryndisi Viglundsdóttur skólustjóra, Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Lúkas 19, 41-48.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Reichardt, Beethoven og Schubert.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.25 **Það er svo margt ef að er gáð.** Ólafur H. Torfason og gestir hans ræða um Jónas Hallgrímsson náttúrufræðing og skáld, lokapáttur.
- 11.00 **Guðspöðusta á Skálholtsáttíð.** Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, vigir sr. Jónas Gíslason prófessor til embættis vígslubiskups Skálholtsbiskupsdæmis. Organisti og söngstjóri Hilmar Örn Agnarsson.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.30 **Lífið og sólin** – Maðurinn í ríki náttúrunnar. Dagskrá um finnska nóbelskálðið Frans Emil Sillanpää. Timo Karlsson sendikennari tók saman. Lesari: Þórdís Arnjóldsdóttir. Sára Sigurjón Guðjónsson segir frá heimsókn til skáldsins. Einnig leikin finnsk tónlist. Þátturinn var tekinn saman vegna aldarafmælis Sillanpää og áður fluttur 16. október í fyrra.

- 14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sigild tónlist af léttara taginu.
- 15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
- 17.00 **Sumartónleikar í Skálholtskirkju laugardaginn 29. júlí.** Barokksveit Sumartónleikanna flytur söng- og hljómsveitarverk eftir Antonio Vivaldi. Kynnir: Daniel Þorsteinsson.
- 18.00 **Kýrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Söngleikar.** Tónleikar í tilefni af 50 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra 5. nóvember í fyrra. Þriðji hluti af fimm: Jökla-kórinn og Kór íslensku óperunnar. Kynnir: Anna Ingólfssdóttir.

- 20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (8).
- 20.30 **Íslensk tónlist.** – Eldur, ballettmúsík eftir Jónrunni Viðar. Sinfónihljómsveit Íslands leikur. Páll P. Pálsson stjórnar. – Þrjú pianólög op. 5 eftir Pál Ísólffson. Gísli Magnússon leikur. – Sónata fyrir klarinettu og piano eftir Jón Þórarinnsson. Óskar Ingólfsson og Snorri Sigfús Birgisson leika. – Vögguvísa eftir Jón Leifs. Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur, Ólafur Vignir Albertsson leikur með á piano. – Farandsveinninn eftir Jón Leifs. Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur, Ólafur Vignir Albertsson leikur með á piano.

- 21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekin þáttur frá fimmtudegi.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les (3.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvóldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfreginir.**
- 22.20 **Harmonikupáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05.)
- 23.00 **Mynd af orðkera** – Vigdís Grímsdóttir. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap.

- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Sigild tónlist í helgarlok** – Tsjakovski, Dvorák og Brahms. – David Geringas leikur á selló með útvarpshljómsveitinni í Berlín; Lawrence Foster stjórnar. Noc-túrna op. 19 eftir Pjotr Tsjakovski og Waldesruhe op. 68 eftir Antonín Dvorák. – Klarinettukvintett í h-moll eftir Johannes Brahms. Dezső Ránki leikur á piano með Bartók kvartettnum.
- 01.00 **Veðurfreginir.**
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 8.10 **Áfram Ísland.**
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gest.** Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
- 11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Niundi þáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferli Pauls McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu BBC. (Einnig útvarpað aðfarandið föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir.
- 16.05 **Söngleikir í New York** – Aint misbehavin', Sarafina og Oil City Symphony. Árni Blandon kynnir. Lokapáttur. (Einnig útvarpað aðfarandið fimtudegs að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í fjösinu.** Bandarísk sveitátónlist.

- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bitu kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Arnason. (Endurtekin frá miðvikudagskvöldi á Rás 1.)
- 3.00 **Rómantíski róbotinn.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Næturnótur.**
- 4.30 **Veðurfreginir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekin þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt...** Endurtekin sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálinu. Fórum snemma á fætur með Harðsúna Halla!
- 13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstærningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útgíllilið!
- 19.00 **Freyrsmóður T. Sigurðsson.** Góð tónlist.
- 20.00 **Pia Hansson** leikur nýja tónlist og hefur ofan af fyrir hlustendum.
- 24.00 **Næturdagskrá.**



- 10.00 **Sigurður Helgi Höfversson.** Fjörvið tóninn. Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
- 13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla.
- 17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsýju Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
- 24.00 **Næsturstjórnur.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jazz & blús.**
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Poppmessa í G-úr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
- 17.00 **Ferill og „FAN“.** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
- 19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Dada.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Arna Kristinssonar.
- 23.30 **Rötardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Stefán Baxter.** „O-þunnur“.
- 12.00 **Ásgeir Tómasson.**
- 15.00 **Felix Bergsson.**
- 18.00 **Klemens Arnason.**
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 1.00 **Páll Sævar Guðnason.**



- 4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýrasería.
- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Gríníðjan.** Barnaefni.
- 10.00 **Íþróttapáttur.** Kappakstur.
- 11.30 **Tiskupáttur.**
- 12.00 **And Baby Makes Six.** Kvikmynd.
- 14.00 **Beyond 2000.** Visindapáttur.
- 15.00 **Big Valley.** Vestrapáttur.
- 16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
- 16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 17.30 **Fantasy Island.** Ævintýrapáttur.
- 18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 19.30 **The Diary of Anne Frank.** Kvikmynd.
- 21.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **A Chorus Line.**
- 15.10 **Watership Down.**
- 17.00 **The Great Santini.**
- 19.00 **Lucas.**
- 21.00 **The Hitcher.**
- 22.40 **McCabe and Mrs. Miller.**
- 00.45 **Return to Macon County.**



- 9.30 **Trans World Sports.** Íþróttafreittir. 10.30 **Knattspyrna.**
- 11.30 **Fimleikar.** Alþjóðleg keppni í Ástralíu.
- 12.30 **Tennis.** Frá Stuttgart.
- 14.30 **Frjálsar íþróttir.** Meistarakeppni A-Þýskalands.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Golf.** British Open.
- 16.00 **Tennis.** Davis bikarinn frá Svíþjóð.
- 17.00 **Knattspyrna.** Evrópumót eldri en 34 ára.
- 19.00 **Tennis.** Frá Stuttgart.
- 20.30 **Kappakstur.** Grand Prix í V-Þýskalandi.
- 22.30 **Knattspyrna.** Evrópumót eldri en 34 ára.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Evrópulístin.** Poppþáttur.
- 10.00 **Tiskupáttur.**
- 10.30 **Heimildarmynd.**
- 11.00 **Trúarþáttur.**
- 11.30 **Blake's Seven.** Visindaskáldskapur.
- 12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
- 13.30 **Óakveðið efni.**
- 13.45 **Tónlist og tíska.**
- 15.30 **Veröldin á morgun.**
- 16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
- 16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Breski vinsældalistinn.**
- 19.00 **Shoestring.** Sakamálapáttur.
- 20.00 **Cracker Factory.** Kvikmynd.
- 22.30 **Tíska og tónlist.**



Hanaslagur auðkýfinganna Mikes og Bos heldur áfram á Stöð 2 í kvöld.

Stöð 2 kl. 21.35:

Auður og undirferli

Þeir sem fylgdust með stríðinu milli Mikes Savage og Bos Beaufort á síðasta ári geta nú tekið gleði sína á ný. Stríðinu er langt frá því að vera lokið. Framhaldið byrjar á Stöð 2 í kvöld.

Þeir Mike og Bo leiða að nýju saman hesta sína á vígvelli viðskiptalífsins þar sem aðeins hinn sterki og stóri þer þrífist. Vinirnir eru staðráðnir í að kleggja hvor á öðrum og ætla ekki að gefast upp fyrr en hinn

beygir sig í duftið.

Beaufort er fulltrúi gömlu ættanna þar sem auðurinn hvílir á traustum grunni. Savage er aftur á móti nýrri gosinn sem allt vill fá og helst ekki seinna en í gær.

Þátturinn í kvöld er sá fyrsti af sex. Sem fyrr eru það leikararnir Brian Protheroe og Nicholas Clay sem leika viðskiptajófrana. Leikstjórar eru Dennis Abey og William Brayne.

Sjónvarp kl. 20.40:

Gróskan í Grímsey

Örn Ingi, listamaður á Akureyri, ætlar að leiða landsmenn um Grímsey í kvöld og sýna þeim gróskuna sem þar er á öllum sköpuðum hlutum.

Efni þáttarins skiptist í þrjá meginakla. Í fyrsta lagi heilsar Örn Ingi upp á fólk í starfi og leik, allt frá börnum til elsta íbúans sem rifjar upp minnisstætt björgunarafræk. Í öðru lagi er farið í bjargsig þar sem mynda-tökumaðurinn fór sjálfur

niður til að ná forvitnilegum sjónarhornum. Í þriðja lagi er svo gerður út leiðangur til að kanna sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar að gat sé í gegnum Grímsey.

Meðal þeirra sem Örn Ingi ræðir við í þættinum eru Henning Jóhannesson, síðasti innflytjandinn, Sigfús Jóhannesson útgerðarmaður, Óli Bjarnason, elsti íbúinn, og Finnur Jónsson sigmaður.

Rás 1 kl. 23:

Mynd af orðkera

Fjórði þátturinn í röðinni Mynd af orðkera er á dagskrá Ríkisútvarpsins í kvöld kl. 23. Þar verður rætt við ungan rithöfund, Vigdís Grímsdóttur, sem vakið hefur verðskuldaða athygli fyrir bækur sínar Eldur og regn, Tíu myndir úr lífi mínu og Kaldaljóð, skáldsögu sem kom út fyrir tveimur árum.

Vigdís er tvímælalaust ein athyglisverðasta skáldkona okkar núna og því verður forvitnilegt að heyra hvað hún hefur að segja um skáldskap sinn og lífið yfirleitt. Þá fá hlustendur að heyra tónlist að skapi Vigdísar.

Umsjónarmaður orðkera-mynda er Friðrik Rafnsson



Vigdís Grímsdóttir er gestur Friðriks Rafnssonar í þættinum Mynd af orðkera á rás 1 í kvöld.

en hann hefur áður rætt við Steinar Sigurjónsson, Ólaf Gunnarsson og Ninu Björk Arnadóttur.

Stöð 2 kl. 17.10:

Listamannaskálinn

Bandaríski rithöfundurinn Gore Vidal er gestur Melvyns Bragg í Listamannaskála Stöðvar 2 í dag. Gore Vidal hefur stundum verið kallaður bandarískur forseti í útleð. Bandaríska stjórnerfnið hefur löngum kveinkað sér undan frjálslyndum skoðunum hans, glöggri greiningu á stjórnmálaástandinu og beinskýttri fyndni rithöfundarins.

Vidal hefur lengi dreynt um að verða forseti Bandaríkjanna og hann er afar

gagnrýnnir á stjórnmál þar í landi. Hann segir að ef hann geti ekki orðið leiðtogi Ameríku ætli hann að minnsta kosti að leiða fólk fyrir sjónir hvað hafi orðið úr landinu.

Ekki alls fyrir löngu komu samtímis út þrjár bækur eftir Vidal, endurskrifuð útgáfa af metsölubókinni Myra Breckenridge, ný söguleg skáldsaga, Empire, og nýtt ritgerðasafn, Armageddon. Um þetta verður rætt í þættinum í dag.